

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Íran nr. 384/2014, ásamt síðari breytingum.

#### 1. gr.

##### *Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi töluliðir skulu bæstast í rétttri númeraröð við 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Íran nr. 384/2014:

- 1.8 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/689 frá 11. apríl 2017 um breytingu á ákvörðun 2011/235/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum einstaklingum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins í Íran, fylgiskjal 1.8.
- 2.8 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2017/685 frá 11. apríl 2017 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 359/2011 um þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Íran, fylgiskjal 2.8.
- 3.30 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/609 frá 18. apríl 2016 um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran, fylgiskjal 3.30.
- 3.31 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/83 frá 16. janúar 2017 um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran, fylgiskjal 3.31.
- 3.32 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/974 frá 8. júní 2017 um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran, fylgiskjal 3.32.
- 3.33 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/1127 frá 23. júní 2017 um framkvæmd ákvörðunar 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran, fylgiskjal 3.33.
- 4.28 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2016/603 frá 18. apríl 2016 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 267/2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran, fylgiskjal 4.28.
- 4.29 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1375 frá 29. júlí 2016 um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran, fylgiskjal 4.29.
- 4.30 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2017/77 frá 16. janúar 2017 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 267/2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran, fylgiskjal 4.30.
- 4.31 Reglugerð ráðsins (ESB) 2017/964 frá 8. júní 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 267/2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran, fylgiskjal 4.31.
- 4.32 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2017/1124 frá 23. júní 2017 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 267/2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran, fylgiskjal 4.32.

Eftirfarandi töluliðir í sömu málsgrein skulu falla niður: 3.26, 4.6, 4.14, 4.17, 4.21-4.22 og 4.26. Í stað 2. og 3. mgr. 2. gr. kemur:

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, sem vísað er til í framangreindum gerðum, eru birtir á frummáli og/eða til þeirra er vísað á vefjum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eða Stjórnartíðinda Evrópusambandsins, eftir því sem við á. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast gildi við birtingu á þeim vefjum, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

Sameiginlegur hergagnalisti Evrópusambandsins, sem vísað er til í framangreindum gerðum, er birtur með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB frá 6. maí 2009 um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins (EES-viðbætur nr. 56, 10. október 2013, bls. 801-836), ásamt síðari breytingum, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2013, 14. júní 2013, og nefnist þar „Skrá yfir varnartengdar vörur“. Tilskipunin er innleidd með reglugerð um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu nr. 361/2016, ásamt síðari breytingum.

Framangreindar gerðir binda einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir án frekari lögfestingar, eftir því sem við getur átt, þ.m.t. ákvæði um viðskiptabann, landgöngubann og frýstingu fjármuna.

2. gr.  
*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

*Utánríkisráðuneytinu, 11. september 2017.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

*Sturla Sigurjónsson.*

**Fylgiskjal 1.8.**

**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2017/689**

**frá 11. apríl 2017**

**um breytingu á ákvörðun 2011/235/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn tilteknum einstaklingum og rekstrareiningum í ljósi ástandsins í Íran**

- 1) Í stað 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar 2011/235/SSUÖ kemur eftirfarandi:  
„2. Þessi ákvörðun skal gilda til 13. apríl 2017. Hún skal vera í stöðugri endurskoðun. Hún skal endurnýjuð eða henni skal breytt eftir atvikum, ef ráðið telur að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.“
- 2) Viðaukanum við ákvörðun 2011/235/SSUÖ er breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa.  
(Efnisútdráttur).

*VIÐAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://data.europa.eu/eli/dec/2017/689/oj>.

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

**Fylgiskjal 2.8.**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2017/685**

**frá 11. apríl 2017**

**um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 359/2011 um þvingunaraðgerðir sem beint er gegn tilteknum aðilum, rekstrareiningum og stofnunum í ljósi ástandsins í Íran**

- I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 359/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa.  
(Efnisútdráttur).

*VIÐAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

[http://eur-lex.europa.eu/eli/reg\\_impl/2017/685/oj](http://eur-lex.europa.eu/eli/reg_impl/2017/685/oj).

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

**Fylgiskjal 3.30.****ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2016/609****frá 18. apríl 2016****um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran**

II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ er breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

*VIÐAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/eli/dec/2016/609/oj>.

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

**Fylgiskjal 3.31.****ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2017/83****frá 16. janúar 2017****um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran**

II. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ er breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

*VIÐAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://eur-lex.europa.eu/eli/dec/2017/83/oj>.

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

**Fylgiskjal 3.32.****ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2017/974****frá 8. júní 2017****um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 26. júlí 2010 samþykkti ráðið ákvörðun 2010/413/SSUÖ <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun 2010/413/SSUÖ kveður m.a. á um fyrirkomulag leyfisveitinga vegna endurskoðana og ákvarðana um flutninga á sviði kjarnorku til Írans eða starfsemi á sviði kjarnorku ásamt Íran, sem fellur ekki undir ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2231 (2015) og er í fullu samræmi við sameiginlegu heildaráætlunina um framkvæmd (JCPOA).
- 3) Ráðið telur að breyta ætti skilyrðum í fyrirkomulaginu um leyfisveitingar til að koma á samræmdri framkvæmd eftirlits í gervöllu Sambandinu.
- 4) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Evrópusambandsins til þess að hrinda aðgerðum, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, í framkvæmd.

5) Því ber að breyta ákvörðun 2010/413/SSUÖ til samræmis við það.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:**

*1. gr.*

Ákvörðun 2010/413/SSUÖ er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi komi í stað 7. mgr. í 26. gr. c:

„7. Innkaup ríkisborgara aðildarríkja á hlutum, efni, tækjabúnaði, vörum og tækni, er um getur í 1. mgr., frá Íran, eða notkun skipa og loftfara undir fána þeirra, skulu tilkynnt sameiginlegu nefndinni hvort sem þau eru upprunnin á yfirráðasvæði Írans eður ei.“

2) Ákvæðum 26. gr. d. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Aðildarríki, sem taka þátt í þeirri starfsemi sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu tryggja að þau hafi aflað upplýsinga um endanlega notkun afhents hlutar og hvar endanleg notkun fer fram.“,

b) Í stað f-liðar 5. mgr. komi eftirfarandi:

„f) að þau hafi aflað upplýsinga um endanlega notkun afhents hlutar og hvar endanleg notkun fer fram.“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Lúxemborg 8. júní 2017.

*Fyrir hönd ráðsins,*

U. REINSALU

*forseti.*

---

<sup>(1)</sup> Ákvörðun ráðsins 2010/413/SSUÖ frá 26. júlí 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2007/140/SSUÖ (Stjtið. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39).

**Fylgiskjal 3.33.**

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2017/1127**

**frá 23. júní 2017**

**um framkvæmd ákvörðunar 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran**

I. viðauka við ákvörðun 2010/413/SSUÖ er breytt í samræmi við viðaukann við ákvörðun þessa. (Efnisútdráttur).

*VIÐAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

[http://eur-lex.europa.eu/eli/dec\\_impl/2017/1127/oj](http://eur-lex.europa.eu/eli/dec_impl/2017/1127/oj).

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

**Fylgiskjal 4.28.**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2016/603**

**frá 18. apríl 2016**

**um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 267/2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran**

IX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 267/2014 er breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

*VIÐAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://data.europa.eu/eli/reg/2016/603/oj>.

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

**Fylgiskjal 4.29.**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1375**

**frá 29 júlí 2016**

**um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012  
um þvingunaraðgerðir gegn Íran**

- 1) I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 267/2012 er skipt út fyrir I. viðauka við reglugerð þessa;
- 2) III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 267/2012 er skipt út fyrir II. viðauka við reglugerð þessa;
- 3) VII. viðauka B við reglugerð (ESB) nr. 267/2012 er skipt út fyrir III. viðauka við reglugerð þessa.

(Efnisútdráttur).

*VIÐAUKAR*

I.- III. viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB:

[http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2016/1375/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2016/1375/oj).

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

**Fylgiskjal 4.30.**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2017/77**

**frá 16. janúar 2017**

**um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 267/2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran**

IX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 267/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

*VIÐAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

[http://eur-lex.europa.eu/eli/reg\\_impl/2017/77/oj](http://eur-lex.europa.eu/eli/reg_impl/2017/77/oj).

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008

**Fylgiskjal 4.31.****REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2017/964**

frá 8. júní 2017

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 267/2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2010/413/SSUÖ frá 26. júlí 2010 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2007/140/SSUÖ <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012 <sup>(2)</sup> taka þær aðgerðir gildi sem kveðið er á um í ákvörðun 2010/413/SSUÖ.
- 2) Í 26. gr. c í ákvörðun 2010/413/SSUÖ er gerð krafa um að innkaup ríkisborgara aðildarríkja á tilteknum vörum sem tengjast kjarnorku frá Íran eða notkun skipa eða loftfara undir fána þeirra sé háð samþykki sameiginlegu nefndarinnar.
- 3) Í 26. gr. d í ákvörðun 2010/413/SSUÖ er gerð krafa um að aðildarríki sem taka þátt í afhendingu, sölu eða tilfærslu á vörum, sem þar er getið, til notkunar í eða til hagsbóta fyrir Íran, tryggi að þau hafi náð, og séu í aðstöðu til að neyta þess réttar með skilvirkum hætti, að sannreyna endanlega notkun þessara vara og hvar endanleg notkun fer fram.
- 4) Hinn 8. júní 2017 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2017/974 <sup>(3)</sup> um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ.
- 5) Ákvörðun (SSUÖ) 2017/974 kemur í stað kröfunnar í 26. gr. c ákvörðunar 2010/413/SSUÖ um að fá skuli samþykki sameiginlegu nefndarinnar ásamt skuldbindingu um að tilkynna sameiginlegu nefndinni um öll innkaup á viðkomandi vörum. Með ákvörðun (SSUÖ) 2017/974 er 26. gr. d í ákvörðun 2010/413/SSUÖ einnig breytt og þess krafist að aðildarríki fái upplýsingar um endanlega notkun afhents hlutar og hvar endanleg notkun fer fram, áður en leyfi er gefið fyrir hvers konar viðskiptum sem þar er getið.
- 6) Lagasetning á vettvangi Sambandsins er nauðsynleg til að hrinda aðgerðunum í framkvæmd, einkum með tillit til þess að tryggt sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti ákvæðum hennar með samræmdum hætti.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 267/2012 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 5. mgr. 2. gr. a komi eftirfarandi:  
„5. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna sameiginlegu nefndinni um heimildir sem veittar eru skv. e-lið 1. mgr. og heimildir sem varða kaup, innflutning til eða flutning frá Íran, á frekari vörum og tækni sem um getur í 4. mgr., hvort sem þær eða hún er upprunnin í Íran eður ei.“
- 2) Ákvæðum 3. gr. a er breytt sem hér segir:
  - a) Í stað 6. mgr. komi eftirfarandi:  
„6. Lögbæra stjórnvaldið, sem veitir heimild í samræmi við a-lið 1. mgr. skal tryggja, þó ekki ef um er að ræða tímabundinn útflutning, að umsækjandinn hafi lagt fram yfirlýsingu um endanlega notkun, sem sett er fram í II. viðauka a eða yfirlýsingu um endanlega notkun í jafngildu skjali með upplýsingum um endanlega notkun og, sem grundvallarreglu, upplýsingar um hvar endanleg notkun fer fram.“
  - b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:  
„6a. Ef lögbært stjórnvald ákveður að veita heimild í samræmi við a-lið 1. mgr., án þess að upplýsingar liggi fyrir um hvar endanleg notkun fer fram, getur það farið fram á að umsækjandinn leggi slíkar upplýsingar fram á síðara stigi. Umsækjandinn skal láta þessar upplýsingar í té innan hæfilegs frests.“

- 3) Ákvæðum 3. gr. c er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:
- „2. Lögbæra stjórnvaldið, sem veitir heimild í samræmi við 1. mgr. skal tryggja, þó ekki ef um er að ræða tímabundinn útflutning, að umsækjandinn hafi lagt fram yfirlýsingu um endanlega notkun, sem sett er fram í II. viðauka a, eða yfirlýsingu um endanlega notkun í jafngildu skjali með upplýsingum um endanlega notkun og, sem grundvallarreglu, upplýsingar um hvar endanleg notkun fer fram.“
- b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:
- „2a. Ef lögbært stjórnvald ákveður að veita heimild í samræmi við a-lið 1. mgr., án þess að upplýsingar liggja fyrir um hvar endanleg notkun fer fram, getur það farið fram á að umsækjandinn leggi slíkar upplýsingar fram á síðara stigi. Umsækjandinn skal láta þessar upplýsingar í té innan hæfilegs frests.“
- 4) Ákvæðum 3. gr. d er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:
- „2. Lögbæra stjórnvaldið, sem veitir heimild í samræmi við 1. mgr., skal tryggja:
- a) að öll starfsemi fari fram í fullu samræmi við sameiginlegu heildaráætlunina um framkvæmd og
- b) að því undanskildu að um sé að ræða tímabundinn útflutning, að umsækjandinn hafi lagt fram yfirlýsingu um endanlega notkun, sem sett er fram í II. viðauka a eða yfirlýsingu um endanlega notkun í jafngildu skjali með upplýsingum um endanlega notkun og, sem grundvallarreglu, upplýsingar um hvar endanleg notkun fer fram.“
- b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:
- „2a. Ef lögbært stjórnvald ákveður að veita heimild í samræmi við a-lið 1. mgr. án þess að upplýsingar liggja fyrir um hvar endanleg notkun fer fram, getur það farið fram á að umsækjandinn leggi slíkar upplýsingar fram á síðara stigi. Umsækjandinn skal láta þessar upplýsingar í té innan hæfilegs frests.“
- 5) Texti viðaukans við þessa reglugerð bætist við sem II. viðauki a.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 8. júní 2017.

*Fyrir hönd ráðsins,*

U. REINSALU

*forseti.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 39.

<sup>(2)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 267/2012 frá 23. mars 2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran og niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 961/2010 (Stjtið. ESB L 88, 24.3.2012, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/974 frá 8. júní 2017 um breytingu á ákvörðun 2010/413/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Íran (Stjtið. ESB L 146, 9.6.2017, bls. 143).

**Fylgiskjal 4.32.**

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2017/1124**

**frá 23. júní 2017**

**um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 267/2012 um þvingunaraðgerðir gegn Íran**

VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 267/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

*VIÐAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

[http://eur-lex.europa.eu/eli/reg\\_impl/2017/1124/oj](http://eur-lex.europa.eu/eli/reg_impl/2017/1124/oj).

Síðari breytingar og uppfærslur viðaukans öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á vef Stjórnartíðinda ESB (<http://eur-lex.europa.eu>), sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

---

B-deild – Útgáfud.: 4. október 2017